

Dagskrá aðventuhátíðar Garðabæjar 26. nóvember 2022

Ráðgert er að börn úr leikskóla í Garðabæ tendri á ljósum jólatrés á Garðatorgi föstudaginn 25. nóvember og fái aðstoð jólasveina og bæjarstjóra. Þannig taki ljósum prýtt jólatré við getum aðventuhátíðar. Dagskrá fari fram í menningarstofnunum á Garðatorgi sem og á yfirbyggðum torgum. Þessi tillaga var samþykkt af menningar- og safnanefnd og þessi leið reynd í stað hefðbundnari hátíðarhalda þar sem skemmtiatriði og ræðuhöld fara fram á útisviði. Ungt tónlistarfólk mun leika á sviði á Garðatori 4, blásarasveit og barnakór koma fram, jólasveinar vera á vappi og jólamarkaður þar sem handverkfólk selur vörur sína, kerti, þrjónles, útskurð og fleira skemmtilegt. Verslunareigendur á Garðatorgi vita af ráðgerðri hátíð og munu vonandi taka þátt.

Dagskráin verður með þessum hætti en gæti tekið breytingum:

Barnakór Vídalínskirkju kl. 13 á Garðatorgi 4

Merkimiðasmiðja á Hönnunarsafni frá kl. 13-15

Jólaúlusmiðja á Bókasafni frá kl. 13-15

Jólaball á Garðatorgi 7 frá 14:30-14:50

Jólaleikrit á Bókasafni kl. 15

Jólatónar á sviðinu frá kl. 14-16 með ungu tónlistarfólki úr Garðabæ

Jólamarkaður á Garðatorgi 1-4. Handverksfólk selji vörur sínar.

Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur á Garðatorgi 4 kl. 15:40.

Kakósala á Garðatorgi 4.